

- a) bæta upplýsingum við frumskýrsluna, eins og nauðsyn krefur, um framþróun mála; og
- b) koma, eins og tök eru á, til móts við beiðnir viðkomandi ríkja um frekari upplýsingar.

VI. KAFLI  
**Viðurlög, gildistaka o.fl.**

32. gr.

*Viðurlög.*

32.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveimur árum ef sakir eru miklar. Dæma má sekt jafnframt refsivíst ef skilyrði 2. mgr. 49. gr. almennta hegningarlaga eru fyrir hendi.

32.2 Með mál vegna brota á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála.

33. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um varnir gegn mengun sjávar frá skipum nr. 520, 15. ágúst 1984.

34. gr.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar skulu kröfur til skips, sem er smíðað fyrir 18. júlí 1994, miðast við mælingu þess í brúttórúmllestum, eins og sú mæling er færð inn í athugasemdareit á mælibréfi skipsins, í stað brúttótonna. Mælingu skips í brúttórúmllestum skal ákvarða samkvæmt samþykkt um samræmda aðferð við skipamælingar, lokið í Osló, 10. júlí 1947, með breytingum

*Umhverfissráðuneytið, 20. desember 1995.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Magnús Jóhannesson.*

Nr. 716

## REIKNINGUR

**Verðbréfaþings fyrir árin 1993 og 1994.**

### **Yfirlýsing framkvæmdastjóra.**

Í samræmi við ákvæði laga nr. 11/1993 um Verðbréfaþing Íslands eru hér birtir ársreikningar þingsins fyrir árin 1993 og 1994. Ég lýsi því jafnframt yfir að áritanir stjórnar og endurskoðanda á ársreikninginn 1993 voru efnislega samhljóða þeim áritunum sem hér eru birtar vegna ársreiknings 1994. Sjóðsstreymi og skýringar sem vísað er til í áritun endurskoðanda liggja frammi á skrifstofu Verðbréfaþings Íslands.

Reykjavík, 9. janúar 1996.

Stefán Halldórsson framkvæmdastjóri.

**Undirritun stjórnar á ársreikninginn.**

Verðbréfaþing Íslands var sett á laggirnar árið 1985 samkvæmt heimild í lögum um Seðlabanka Íslands. Þann 5. mars 1993 staðfesti forseti Íslands ný lög um Verðbréfaþing Íslands og tóku þau gildi þann 1. júlí 1993.

Hlutverk Verðbréfaþings er eftirfarandi samkvæmt lögum.

1. að vera vettvangur viðskipta með skuldabréf, hlutabréf og önnur verðbréf og starfrækja í því skyni skipulagt viðskipta- og upplýsingakerfi,
2. að gera faglegar, fjárhagslegar og siðferðislegar kröfur til þingaðila,
3. að meta skráningarhæfi verðbréfa,
4. að skrá gengi verðbréfa og aðrar upplýsingar sem þurfa þykir,
5. að hafa eftirlit með framkvæmd á reglum Verðbréfaþingsins. Í því skyni skal það hafa samvinnu við bankaeftirlit Seðlabanka Íslands á þeim sviðum þar sem bankaeftirlitið gegnir eftirlitshlutverki lögum samkvæmt.

Hagnaður varð af rekstrinum á árinu 1994 að fjárhæð 13.469 þús. kr. og eigið fé nam 30.247 þús. kr. í árslok 1994 samkvæmt efnahagsreikningi. Í árslok 1994 störfuðu 2 starfsmenn hjá Verðbréfaþingi Íslands og er það sami fjöldi og árið áður.

Stjórn Verðbréfaþings Íslands staðfestir hér með ársreikning Verðbréfaþings fyrir árið 1994 með undirritun sinni.

Reykjavík, 20. febrúar 1995.

Stjórn: Eiríkur Guðnason. Gunnar Helgi Hálfðanarson.  
 Árni Vilhjálmsson. Erna Bryndís Halldórsdóttir. Guðmundur Hauksson.  
 Þorgeir Eyjólfsson. Þorkell Sigurlaugsson.

Framkvæmdastjóri: Tómas Örn Kristinsson.

**Áritun endurskoðenda.**

Við höfum endurskoðað ársreikning Verðbréfaþings Íslands fyrir árið 1994. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning fyrir árið 1994, efnahagsreikning 31. desember 1994, sjóðsstreymi ársins 1994 og skýringar nr. 1 - 5. Endurskoðað var samkvæmt góðri endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög og góða reikningskilavenju og gefi glögga mynd af rekstri Verðbréfaþings Íslands á árinu 1994, efnahag þess 31. desember 1994 og breytingu á handbæru fé árið 1994.

Reykjavík, 20. febrúar 1995.

**KPMG Endurskoðun hf.**  
 löggiltir endurskoðendur

Tryggvi Jónsson.

**REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS.**

|   | 1994              | 1993              |
|---|-------------------|-------------------|
| <b>Rekstrartekjur:</b>                      |                   |                   |
| Stofngjöld .....                            | 11.657.985        | 8.811.642         |
| Sölugjöld.....                              | 11.127.584        | 8.242.084         |
| Árgjöld þingaðila.....                      | 3.067.022         | 2.324.835         |
| Árgjöld vegna skráðra bréfa .....           | 5.284.083         | 3.865.435         |
| Aðrar tekjur .....                          | <u>802.950</u>    | <u>160.000</u>    |
|   | <u>31.939.624</u> | <u>23.403.996</u> |
| <b>Rekstrargjöld:</b>                       |                   |                   |
| Laun og launatengd gjöld .....              | 8.872.567         | 7.221.926         |
| Annar rekstrarkostnaður .....               | 7.779.145         | 4.817.571         |
| Afskriftir .....                            | <u>2.231.111</u>  | <u>2.499.825</u>  |
|   | <u>18.882.823</u> | <u>14.539.322</u> |
| Rekstrarhagnaður án fjármagnsliða.....      | 13.056.801        | 8.864.674         |
| <b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>  |                   |                   |
| Fjármunatekjur.....                         | 682.178           | 167.138           |
| Reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga ..... | <u>(269.728)</u>  | <u>(199.908)</u>  |
|   | <u>412.450</u>    | <u>(32.770)</u>   |
| <b>Hagnaður ársins .....</b>                | <u>13.469.251</u> | <u>8.831.904</u>  |

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER.**

|                               | 1994              | 1993              |
|-------------------------------|-------------------|-------------------|
| <b>Eignir</b>                 |                   |                   |
| <i>Veltufjármunir:</i>        |                   |                   |
| Bankainnstæður .....          | 8.281.349         | 7.259.169         |
| Skammtímaskuldur:             |                   |                   |
| Verðbréf .....                | 15.711.495        | 0                 |
| Viðskiptaskuldur .....        | 5.246.103         | 7.506.663         |
| Aðrar skammtímaskuldur.....   | <u>71.256</u>     | <u>118.752</u>    |
| Veltufjármunir                | <u>29.310.203</u> | <u>14.884.584</u> |
| <i>Fastafjármunir:</i>        |                   |                   |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: |                   |                   |
| Tölvubúnaður.....             | 678.813           | 1.249.443         |
| Hugbúnaður .....              | 795.659           | 2.163.640         |
| Áhöld og tæki .....           | <u>465.043</u>    | <u>0</u>          |
| Fastafjármunir                | <u>1.939.515</u>  | <u>3.413.083</u>  |
| <b>Eignir samtals</b>         | <u>31.249.718</u> | <u>18.297.667</u> |
| <b>Skuldir og eigið fé</b>    |                   |                   |
| <i>Skammtímaskuldir:</i>      |                   |                   |
| Ógreiddur kostnaður .....     | 917.252           | 786.865           |
| Aðrar skammtímaskuldir .....  | <u>85.346</u>     | <u>1.036.094</u>  |
| Skuldir samtals               | <u>1.002.598</u>  | <u>1.822.959</u>  |

*Eigið fé:*

|                                    |                          |                          |
|------------------------------------|--------------------------|--------------------------|
| Stofnframlag .....                 | 1.674.960                | 1.674.960                |
| Endurmatsreikningur .....          | 356.595                  | 331.388                  |
| Óráðstafað eigið fé .....          | <u>28.215.565</u>        | <u>14.468.360</u>        |
| Eigið fé                           | <u>30.247.120</u>        | <u>16.474.708</u>        |
| <b>Skuldir og eigið fé samtals</b> | <u><u>31.249.718</u></u> | <u><u>18.297.667</u></u> |

**REGLUR****um breytingu á reglum um gerð ársreiknings viðskiptabanka,  
sparisjóða og annarra lánastofnana nr. 554/1994.**

## 1. gr.

Skilgreining á „*Eftirstöðvatíma*“ í 1. mgr. 2. gr. verður eftirfarandi:

*Eftirstöðvatími*: Tímabil frá uppgjörstegi til gjalddaga. Þegar um útlán eða skuldir með afborgunarskilmálum er að ræða skal eftirstöðvatími reiknaður frá uppgjörstegi til gjalddaga hvírrar afborgunar. Þegar um er að ræða sérstök innlán og önnur bundin innlán telst eftirstöðvatími sá tími sem er frá uppgjörstegi reikningsskilanna til fyrsta mögulega útborgunardags innstæðunnar. Þegar um er að ræða yfirdráttarlán, afurðalán eða rekstrarlán telst eftirstöðvatími sá tími sem er á milli uppgjörstegis reikningsskilanna til þess dags þegar næst verður samið um framlengingu yfirdráttar/lánveitingar.

## 2. gr.

Í yfirliti yfir efnahagsliði samkvæmt 4. gr. breytist skuldaliður 3., „Verðbréfaútgáfa“, samkvæmt eftirfarandi:

## 3. Lántaka.

- 3.1. Verðbréfaútgáfa.\*
- 3.2. Lán frá lánastofnunum.\*
- 3.3. Önnur lántaka.\*

## 3. gr.

Í yfirliti yfir efnahagsliði samkvæmt 4. gr. breytist skulda- og eiginfjárliður 8., „Eigið fé“, samkvæmt eftirfarandi:

## 8. Eigið fé.

- 8.1. Hlutafé/stofnfé.
- 8.2. Varasjóðir
- 8.3. Endurmatsreikningur skv. verðbólgu-reikningsskilum.
- 8.4. Endurmatsreikningur, annar en skv. lið 8.3.
- 8.5. Óráðstafað eigið fé.

## 4. gr.

Í yfirliti yfir liði rekstrarreiknings samkvæmt 5. gr. breytist rekstrarliður 2.3., „Vaxtagjöld“ af verðbréfaútgáfu o.fl., samkvæmt eftirfarandi:

- 2.3. Vaxtagjöld af lántöku o.fl.\*

## 5. gr.

Í stað núverandi 1. málslíðar 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi málslíður:

Á þennan eignalið skal færa ríkisvíxla og sambærilega víxla útgefna af opinberum aðilum sem hægt er að nota til endursölu í seðlabanka í þeim löndum þar sem stofnunin er með starfsemi.